

FÉV2A05 DR – Félagsleg virkni dreifnám

Námsáætlun, haustönn 2020

Kennari/kennarar:

Guðrún Jóhanna Hallgrímsdóttir

Netfang/netföng:

gudrunjh@bhs.is

Lýsing:

Fjallað er um félagslega virkni og þátttöku í samfélaginu út frá fræðilegu sjónarhorni. Komið er inn á helstu hugtök og þjónustuleiðir tengt félagslegum úrræðum, m.a. innan heilbrigðis- og skólakerfisins sem og sveitarfélaga. Kynntir eru helstu frístundamöguleikar og nemendur hvattir til skapandi hugsunar á því sviði. Fjallað er um notendur félags- og heilbrigðisþjónustu og helstu aðferðir til að meta þörf og stuðla að aukinni þátttöku í félags- og frístundastarfi. Áhersla er lögð á að nemendur læri að finna viðeigandi tórstunda-, íþrótt- og frístundastarf með þarfir ólíkra einstaklinga að leiðarljósi. Þeir læra jafnframt mikilvægi þess að sinna gefandi og valdeflandi starfi og að einblína á styrkleika með tilliti til heilsufars, hömlunar, fötlunar og félagslegrar stöðu þátttakenda.

Þekking, leikni, hæfni:

Nemendur tileinki sér þá kunnáttu að skilja mikilvægi og umfang samskipta, iðju og samfélagsþátttöku á mismunandi æviskeiðum, forvarnastarf frístunda og hvernig þær tengjast lífsstíl einstaklingsins. Þeir hafi vitneskjum um hvernig þátttaka getur farið fram í samfélaginu. Þeir hafi skilning á mikilvægi iðju og áhrifum heilsuþrengingar, fötlunar, hömlunar og félagslegrar stöðu á notendur félags- og heilbrigðisþjónustu og möguleika þeirra til samfélagsþátttöku.

Námsmat:

Námsmat er byggt upp af einstaklings- og hópverkefnum, kynningum, heimaprófi, mætingu og þátttöku í umræðum.

- Þátttaka í umræðum og dreifnámslotum gildir **20%**
- Almenn skilaverkefni gilda **20%**
- Félagsleg virkni og þátttaka í samfélaginu í fjölmiðlum gildir **5%**
- Hópverkefni (10%) og kynning (10%) í lotu 2 gildir **20%**
- Lokaverkefni (10%) og kynning (10%) í lotu 3 gildir **20%**
- Heimapróf sem gildir **15%**

Námsgögn:

Námsgögn hjá kennara, birtast á innu undir Efni.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Skyldumæting í umræðutíma og dreifnámslotur. Mikilvægt að skila verkefnum á réttum tíma. Nauðsynlegt að ná að 5 í einkunn í öllum matsatriðum og verkefnum til að standast áfangann.



Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
35	24.-28. ágúst	Fyrsta kennslulota 29. ágúst	Umræður
36	31. ág.- 4. sept.	Börn, sjálfsmynd og leikur	
37	7.-11. sept.	Börn, tengslamyndun og tengslavandi	Skilaverkefni
38	14.-18. sept.	Börn, líðan og hegðun	Skilaverkefni
39	21.-25. sept.	Lýðheilsa og frístundir	
40	28.sept- 2. okt.	Reynslunám	
41	5.-9. okt.	Kennslulota 2	Skilaverkefni
42	12.-16. okt.	Áhrif hugarfars og tilfinninga á hamingju og heilsu	
43	19.-23. okt.	Sjálfsábyrgð, hvatning og lífsleikni	Skilaverkefni
44	26.-30. okt.	Einstæðar mæður með félagslegan vanda	
45	2.-6. nóv.	Félagsleg úrræði	Skilaverkefni
46	9.-13. nóv.	Að snúa vörn í sókn	
47	16.-20. nóv.	Fötlun og aðgengi að félagsstarfi	Skilaverkefni
48	23.-27. nóv.	Aldraðir og félagsstarf	
49	30.nóv.- 4. des.	Kennslulota 3	Skilaverkefni
50	7.-11. des.	Heimapróf	Kennslu lýkur
51	14.-17. des.	Einkunnaskil	

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.